

## Sögu Tinds SH að ljúka

Trébáturinn Tindur hefur tekið á móti ferðamönnum þegar þeir koma inn í Ólafsvík að austanverðu. Algengt er að vegfarendur stoppi, taki mynd af bátnum og snæði jafnvel nesti á bekk sem hefur verið staðsettur á svæðinu.

Saga bátsins hófst árið 1962 þegar hann var smíðaður í Skipasmíðastöð KEA eftir teikningu Tryggva Gunnarssonar frá Akureyri, Tryggvi var einnig yfirmsiður við smíði bátsins. Þann 2. maí árið 1962 var báturinn fyrst skráður og þá undir nafninu Sævar ÞH 3 og var gerður út frá Grenivík, báturinn skipti um eigendur árið 1972 og var gerður út næstu ár frá Dalvík og Siglufirði. Þann 16. september 1983 kom báturinn til Ólafsvíkur og hét þá Friðrik Bergmann SH 240 og var gerður út af Erlingi Helgasyni og Sæbirni Ásgeirssyni, 3. nóvember 1987 fékk báturinn loks nafnið Tindur SH 179 og var þá gerður út af Bergsveini Jóhannessyni í Ólafsvík og átti Bergsveinn hann þar til hann var skráður ónýtur 14. október 1994.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur eignaðist bátinn 9. júlí 1996 og 15 febrúar 1997 var bátnum komið fyrir þar sem hann hefur verið, vegfarendum til ánægju.

Tindur hefur látið á sjá og þrátt fyrir að lionsmenn hafi málað bátinn reglulega þá þola trébátar takmarkað að vera geymdir á þurru landi, seinni ár hefur komið í ljós að mikill fúi er kominn í tréverk bátsins og líklega ekki hægt að bjarga honum. Lionsmenn hafa leitað leiða til að gera endurbæt-



ur á bátnum en eftir að hafa ráðfært sig við smíði var ákveðið að láta rífa bátinn og finna svæðinu nýtt hlutverk.

Tindur var 14,72 brl bátur og því ekki hæðarleikur að koma honum fyrir þar sem hann hvíldi, Tómas Sigurðsson og Svanur sonur hans drógu bátinn upp úr höfninni í Ólafsvík með öflugum tækjum, þaðan var hann dreginn á ís eftir götum Ólafsvíkur inn að staðnum sem hann fékk svo að standa á, þeir feðgar stilltu bátinum upp á núverandi stað svo að þrýði var af. Segja má að það sé vel

við hæfi að fyrirtæki þeirra feðga, TS Vélaleiga, sjái einnig um að rífa bátinn fyrir Lionsklúbb Ólafsvíkur, meðfylgjandi mynd var tekin á mánudag þegar verkið var hafð.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur er um þessar mundir að skoða hvað sé hægt að gera til að staðsetningin

haldi aðdráttaraflinu sínu, stefnt er að því að í stað bátsins komi einhverskonar verk eða skúlptúr sem muni taka vel á móti þeim sem leið eiga um, vonir standa til að framkvæmdir við það geti hafist í sumar.



Bifreiðaverkstæði /Egis.  
Rífl. S-4366677  
Betra fyrir bílinn



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
www.fmis.is



CERTIFIED  
SUSTAINABLE  
SEAFOOD  
MSC  
www.msc.org

# Gjöf frá Soroptimistum

Starfsmenn Smiðjunnar tóku á móti nýrri saumavél frá Soroptimistaklúbbsi Snæfellsness á dögnum. Fulltrúar klúbbsins mættu í Smiðjunna og tekin var mynd af hópnum í tilefni afhendingar.

Eins og hefur komið fram áður að þá er saumavinna eitt af stærstu verkefnum Smiðjunnar og því mikilvægt að vera með góðar vélar sem styðja við starfið. Gömlu saumavélararnar höfðu gefið upp öndina sem hafði töluverð áhrif á verkefnastöðu Smiðjunnar.

Starfsmenn og leiðbeinendur Smiðjunnar þakka Soroptimistaklúbbsi Snæfellsnes hjartanlega fyrir þessa veglegu gjöf og sendum okkar bestu kveðjur til klúbbsins.

Nú er Smiðjan komin með tvær



nýjar vélar og geta því starfsmenn Smiðjunnar haldið ótraud áfram í saumavinnunni og tekið fleiri verkefni að sér í framtíðinni.



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Komdu fagnandi í Snæfellsbæ

Snæfellsbær efnir til kynningarátaks sem miðar að því að kynna Snæfellsbæ og kosti þess að búa í sveitarfélaginu. Átakinu er jafnframt ætlað að virka til stuðnings ferðaþjónustu á svæðinu.

Kynningarátakið hefur fengið nafnið Snæfellsbær - komdu fagnandi og er ætlað að draga fram og varpa jákvæðu ljósi á þjónustu, mannlíf og lífið undir Jökli.

Helsta markmið kynningarátaksins er að efla ásýnd Snæfellsbæjar og segja frá kostum þess að búa í okkar fallega og fjölskylduvæna sveitarfélagi. Á

næstu dögum byrjar efni að birtast á samfélagsmiðlum en jafnframt er horft til þess að efla kynningarstarf í víðari skilningi þegar fram í sækir.

Átakið fer fram á Facebook og Instagram og eru íbúar hvattir til að fylgja síðunum og taka vel í kynningarátakið sem verið er að ýta úr vör.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurbjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

## Skaftfellingakórinn í heimsókn



Þó að mikið hafi rignt og blásið síðastliðinn laugardag þá mátti finna sér ýmislegt til skemmtunar innandyrna, eitt af því sem kom til greina voru tónleikar í Grundarfjarðarkirkju. Skaftfellingakórinn heimsótti Grundarfjörð og gladdi

íbúa með söng í kirkjunni, kórstjóri er Friðrik Vignir Stefánsson en hann er ekki ókunnur Grundarfirði þar sem að hann var organisti kirkjunnar í fjórtán ár.

Meðfylgjandi mynd tók Sverrir Karlsson.

Jökull Bæjarblað  
 steinprent@simnet.is  
 436 1617

## Handfærakrókar



Mikið úrval af handfærakrókum.  
Tvílitir, einlitir, sjálflysandi, m/spinner og plötukrókar.

## Girni



**Thunderline girni**  
1,1 mm  
1,4 mm  
1,7 mm



**Mummi girni**  
1,5 mm  
1,6 mm  
1,8 mm

## Handfærasökkur



Handfærasökkur 2,5 kg  
Galvaníseraðar & Blý

## Kleinhúringir, teygjur og slóðar



## Sigurnaglar



Nikkel.  
Fjöldi stærða í  
boði

## Sjófatnaður

Úrval af fatnaði  
frá Mar Wear



## Handfæravinda Oilwind

Öflug færeysk vinda  
á góðum kjörum.

# Afmælisgjafirnar fóru í Einstök börn



Ingibjörg Júlíusdóttir og Bárður Guðmundsson urðu sjötug á árinu og fögnuðu þau tímamótunum í félagsheimilinu Klifi þar sem þau buðu vinum og vanda mönnum til heljarinnar veislu. Ingibjörg og Bárður afþökkuðu gjafir við þetta tilefni en bentu gestum þess í stað á stuðningsfélag barnabarnabarns síns ef þeir vildu leggja eitthvað af mörkum. Langamma og langafi, þau Ingibjörg og Bárður, bentu þar fólk á Einstök börn, stuðningsfélag Jökuls Breka Bárðarsonar. Jökull Breki er með x tengda genastökk-

breytingu og er hann einn hér á landi með þessa stökkbreytingu og sá eini af 27 í heiminum. Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni og fjölskyldna þeirra. Félagið var stofnað 1997 af foreldrum nokkurra barna sem voru með afar fágæfa sjúkdóma eða heilkenni og áttu ekki skjól í öðrum styrktar- og stuðningsfélögum. Nú eru rúmlega 600 fjölskyldur í félaginu eða um rétt um 2000 félagsmenn, bæði foreldrar og börn. Afmælisgestir hjónanna Ingibjargar og

Bárðar reyndust mjög gjafmildir og mætti Jökull Breki ásamt fjölskyldu sinni færandi hendi og afhenti Einstökum börnum peninginn. Félagið Einstök börn fær enga opinbera styrki og treystir alfarið á fjáraflanir og aðra styrki til að halda starfi sínu gangandi. Á myndinni eru Júlíana Björk Gunnarsdóttir, Jóhanna Kristín Bárðardóttir, afmælisbörnin Ingibjörg Júlíusdóttir og Bárður

Guðmundsson, Bárður Jóhannsson og Jökull Breki hæst ánægður með framlagið frá langömmu og langafa. Myndin er af heimasíðu Einstakra barna (einstokborn.is) en á þeirri síðu eru einnig leiðbeiningar um hvernig hægt er að styrkja félagið.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Hunda- og kattahreinsun 2024

## Hreinsun hunda og katta síðasta vetrardag

Snæfellsbær auglýsir hunda- og kattahreinsun í Áhaldahúsinu í Ólafsvík miðvikudaginn 24. apríl sem hér segir:

- **Hundahreinsun verður frá kl. 13:00 - 16:00**
- **Kattahreinsun verður frá kl. 16:00 - 17:00.**

Þeim sem láta hreinsa og bólusetja hunda og ketti annars staðar er bent á að koma tilkynningu um slíkt til bæjarskrifstofu.

Eigendum óskráðra hunda og katta er bent á að skrá þá þegar í stað.

Við hvetjum fólk til að mæta með hunda og ketti í hreinsun, hvort sem þeir eru skráðir eða óskráðir.



# INNTRITUN Í NÁM Í FULLUM GANGI



PERSÓNULEGT  
FJARNÁM SEM  
HENTAR ÖLLUM!

VERKEFNAMIÐAÐ NÁM  
ENGIN LOKAPRÓF



NÁNARI UPPLÝSINGAR



[WWW.FSN.IS](http://WWW.FSN.IS)



[fsn@fsn.is](mailto:fsn@fsn.is)

## KOMDU Í

## FSN

# Tóku þátt í móti á Spáni



Lið Víkings Ó í 3. flokki karla fór til Salou á Spáni seinni partinn í mars og tók þar þátt í Costa Daurada Cup. Hópurinn flaug til Barcelona þann 21. mars. Þaðan var keyrt með rútu til Salou sem er um 100 km frá Barcelona.

Hópurinn sem samanstóð af 17 strákum, þjálfara og 4 þöbbum gistu þar í húsum, á góðum stað sem heitir Cambrils Park family resort. Fyrstu dagarnir voru nýttir til æfinga og í hópefli en mánudaginn 25. mars hófst mótið sjálf. Þar voru skráð til

leiks lið frá 20 löndum og áætlað er að um 5000 keppendur hafi verið á mótinu.

Það er gaman að geta þess að strákarnir stóðu sig með þryði og skiluðu sér í undanúrslit þar sem þeir urðu því miður að þola tap gegn liði frá Spáni.

Hópurinn vill þakka öllum sem styrktu strákana, með kaupum á varningi og með beinum styrkjum, kærlega fyrir stuðninginn - án ykkar hefði þessi ferð ekki orðið að veruleika.

## Sumardagurinn fyrsti og stóri plokkgaturinn

Starfsmenn Snæfellsbæjar hafa haft nóg að gera þessa vikuna við undirbúning fyrir sumardaginn fyrsta. Sumardagurinn fyrsti er fimmtudaginn 25. apríl og binda bæjarbúar vonir við að sumaríð komi í kjölfarið. Starfsmenn áhaldahúss eru búnir að undirbúa og kveikja á ærslabljáum á Hellissandi, Rífi og í Ólafsvík og geta börnin því farið að hoppa. Starfsmenn sundlaugarinnar hafa einnig lagt sitt af mörkum en þeir hafa verið að þrifa útipottana. Búið er að taka lokið af vaðlauginni og lendingarlaus minni rennibrautarinnar og þríf standa yfir. Vonir eru bundnar við að verkinu verði lokið

fyrir sumardaginn fyrsta.

Stóri plokkgaturinn verður haldinn hátíðlegur sunnudaginn 28. apríl næstkomandi. Það er Rótarihreyfingin á Íslandi sem skipuleggur daginn með aðstoð og styrk frá Landsvirkjun og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Markmið Rótarihreyfingarinnar er að dagurinn sé ætlaður öllum sem vilja skipuleggja hreinsunaráttak á þeim degi, eða eftir atvikum öðrum degi á svipuðum tíma. Allir eru því hvattir til að fara út á sunnudaginn og plokka rusl, fá sér ferskt loft og fegra umhverfið í leiðinni.

JJ

## Fréttir af mfl. Víkings



Knattspyrnudeild Víkings Ó., Knattspyrnudeild Selfoss og knattspyrnumaðurinn Gary Martin hafa gert með sér samkomulag um að Gary gangi til liðs við Víking Ó. á láni og spili með liðinu í sumar. Gary þarf ekki að kynna fyrir áhugamönnum um Íslenska knattspyrnu. Hann hefur leikið með ÍA, KR, Val, ÍBV og Selfossi á ferli sínum hér á landi. Þá hefur hann skorað 179 mörk í 329 leikjum á Íslandi. Hann hefur einu sinni orðið Íslandsmeistari, tvívegis orðið bikarmeistari og í þriggja hefur hann verið markakóngur í efstu deild. Hann hefur einnig spilað með Lokeren í Belgíu og Lilleström í Noregi. Til gamans má geta að hann hefur nú sinnum mætt Víking Ó. á knattspyrnuvellið. Þar hefur hann unnið 7 leiki og gert 2 jafntefli. Þá hefur hann skorað 9 mörk í þessum níu leikjum. Knattspyrnudeild Víkings Ó. býður Gary velkomin til Ólafsvíkur og vænta þau mikils af honum í sumar.

Stefán Óli Hallgrímsson skrifði undir samning við Víking Ó fyrir í vetur og hefur varið mark liðsins síðan. Hann varð fyrir því óláni að meiðast á hné og þarf að gangast undir aðgerð. Bataferlið mun halda honum utan vallar eitthvað fram á sumar og mun hann því ekki geta leikið með liðinu. Stjórn Víkings varð að bregðast fljótt við þessum fregnunum og hefur því samið við Ómar Castaldo um að spila með liðinu. Ómar er fæddur árið 2001 og hefur spilað með KV og Þór á meistaraflökks ferli sínum. Hann spilaði einnig með yngri landsliðum Íslands. Ómar er eins og er í háskólanámi í Bandaríkjunum og er væntanlegur aftur heim í byrjun máí.

Laugardaginn 20. apríl spilaði Víkingur Ó. æfingarleik á móti Aftureldingu. Leikurinn fór fram í Mosfellsbæ og endaði með 2-1 sigri Aftureldingar. Daniel Arnaud Ndi skoraði eina mark Víkings í leiknum.

JJ



TÓNLISTARSKÓLI  
SNÆFELLSBÆJAR

## VORTÓNLEIKAR Tónlistarskóla Snæfellsbæjar 2024

verða haldnir sem hér segir:

**Mánud. 6. maí kl. 17:00 í Klifi**

**Þriðjud. 7. maí kl. 17:00 í Klifi**

**Miðvikud. 22. maí kl. 13:00 í Lýsuhólsskóla**

Enginn aðgangseyrir er á tónleikana.

Eftir tónleika í Klifi verður

Foreldra- og styrktarfélag Tónlistarskóla Snæfellsbæjar með kaffi, djús og kökur til sölu.

**ATH. Ágóði af kaffisölu  
fer í styrktarsjóð til kaupa á hljóðfærum.**

Tónlistarskólakennarar og skólustjóri þakka samstarfið í vetur og óska íbúum gleðilegs sumars.



# Sumarstörf hjá Snæfellsbæ

Fjölbreytt og uppbyggileg störf við Áhaldahús Snæfellsbæjar og flokkstjórn vinnuskólahópa.

Snæfellsbær býður einstaklingum 18 ára og eldri upp á fjölbreytta og skemmtilega útivinnu í sumar sem hefur það að leiðarljósi að fegra umhverfi Snæfellsbæjar.

- 100% störf í þrjú mánuði, frá 15. maí 2024.
- Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.
- Umsækjendur þurfa að vera færir um að stýra vinnuskólahópi og hafa áhuga á að vinna með og fræða ungmenni.
- Umsækjendur þurfa að vera duglegir, áhugasamir um útivinnu, tóbakslausir, sjálfstæðir og góðar fyrirmyndir.
- Þekking á staðháttum í sveitarfélaginu er æskileg.

**Umsóknarfrestur er til 29. apríl 2024.** Ekki er tekið við umsóknum að umsóknarfresti liðnum. Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Snæfellsbæjar á [snb.is](http://snb.is).

# 1. maí 2024

## STERK HREYFING - STERKT SAMFÉLAG

1. maí samkomur Verkalýðsfélags Snæfellinga,  
Kjalar og Sameyki verða haldnar sem hér segir:

### Í Stykkishólmi hefst dagskrá kl. 13.30 á Fosshótel Stykkishólmi

Kynnir: Þóra Sonja Helgadóttir verkefnastjóri Kjalar í Sth.  
Ræðumaður: Saga Kjartansdóttir verkefnisstjóri  
vinnustaðaeftirlits hjá ASÍ

- Tónlistaratriði, Salka Sól og Karl Olgeirsson
- Tónlistaratriði úr Tónlistarskóla Stykkishólms
- Fosshótel sér um kaffiveitingar



### Í Grundarfirði hefst dagskrá kl. 14.30 í Samkomuhúsi Grundarfjarðar

Kynnir: Garðar Svansson,  
fulltrúi Sameykis stéttarfélags  
Ræðumaður: Saga Kjartansdóttir verkefnisstjóri  
vinnustaðaeftirlits hjá ASÍ

- Tónlistaratriði, Salka Sól og Karl Olgeirsson
- Tónlistaratriði úr Tónlistarskóla Grundarfjarðar
- Kvenfélagið Gleym-mér-ei sér um kaffiveitingar



### Í Snæfellsbæ hefst dagskrá í Klifi kl. 15.30

Kynnir: Þóra Sonja Helgadóttir verkefnastjóri Kjalar í Sth.  
Ræðumaður: Saga Kjartansdóttir verkefnisstjóri  
vinnustaðaeftirlits hjá ASÍ

- Tónlistaratriði, Salka Sól og Karl Olgeirsson
- Tónlistaratriði úr Tónlistarskóla Snæfellsbæjar
- Félag eldri borgara í Snæfellsbæ sér um kaffiveitingar

Félagsmenn og aðrir íbúar eru hvattir til að mæta og eiga saman góðan dag.

Börn verða að vera í fylgd með fullorðnum.